

Foreldraráð Núps - Fundargerð

- Fundur nr.:** 2
- Staður:** Núpalind 3
- Dagsetning:** 3. nóvember 2015
- Tími:** 16:00
- Fundarritari:** Guðbjörg
- Mættir:** Svana Kristinsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Ingunn Högnadóttir, Sara Theodórsdóttir og Eva Pálsdóttir
- Fjarverandi:** Hildur Jónsdóttir, Brynja Dögg Hermannsdóttir og Aníta Ólafsdóttir
- Dagskrá:** Ýmiss málefni leikskólans

Á fundi foreldraráðs var byrjað að ræða um nýja starfsáætlun leikskólans. Rætt var um innihald skýrslunnar og lýsti foreldraráð ánægju sinni yfir því að í skýrslunni er tekið fram að gerðar verði ýmsar breytingar sem snúa að starfsmannamálum. Hugað verður að starfsánægju, nýliðabjálfun og heilsu starfsmanna.

Svana ræddi um könnun sem send var til allra foreldra þennan sama dag. Í könnunni er verið að spyrja um ánægju foreldra með hin ýmiss málefni í leikskólanum. Einnig var rætt um nýliðabjálfun. Það reynir á starfsmenn að þjálfa upp nýja ófaglærða starfsmenn. Starfsmannamál eru í góðum málum. Búið er að manna allar stöður fyrir veturinn.

Meðlimir foreldraráðs ræddu um verkefni fyrir veturinn. Ákveðið var að senda tölvupóst á þá sem voru fjarverandi og fá tillögur að verkefni sem foreldraráð gæti tekið að sér. Á síðasta starfsári vann foreldraráð að ýmsu sem snéri að hljóðvist í leikskólanum með góðum árangri.

Ákveðið var að kjósa formann og ritara. Ingunn Högnadóttir verður formaður og Guðbjörg Þorsteinsdóttir tekur að sér ritarastarfið.

Fundi lauk kl. 17:00